

Ákvörðun nr. 16/2025
Föstudagurinn 9. maí 2025

Kaup Sjávarsýnar ehf. á Köfunarþjónustunni ehf.

1. Þann 7. apríl 2025 barst Samkeppniseftirlitinu fullnægjandi tilkynning um kaup Sjávarsýnar ehf. á meirihluta hlutafjár Köfunarþjónustunnar ehf. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 8. apríl sl. Með ákvörðun þessari lýkur samrunamálinu án ihlutunar eða frekari rannsóknar líkt og nánar greinir hér á eftir.
2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar sbr. 1. mgr. 17. gr. skl. Með umræddum kaupum eignast Sjávarsýn ehf. allt hlutafé í Köfunarþjónustunni ehf. og er því um samruna að ræða í skilningi samkeppnislaga að mati Samkeppniseftirlitsins.
3. Í samrunaskrá kemur fram að Sjávarsýn ehf. sé eignarhaldsfélag sem fjárfesti í öðrum félögum sem hafi rekstur með höndum. Sjávarsýn sé að fullu í eigu Bjarna Ármannssonar. Félög og fyrirtæki í meirihlutaeigu Sjávarsýnar séu m.a. Gasfélagið ehf., Sjávarsýn fjárfestingar ehf., Sjávargrund ehf., Tandur hf., Fálkinn Ísmar ehf., Iðnvélar og Kuldaboli ehf. Auk framangreinds fari Sjávarsýn með sameiginleg yferráð ásamt öðrum hluthöfum í S4S ehf., Kemi ehf., Samey Holding ehf. og Samey Robots ehf.
4. Köfunarþjónustan ehf. hafi að sögn samrunaaðila verið stofnuð árið 1998 af Árna Kópssyni. Sérhæfing félagsins hafi frá stofnun legið í alhliða þjónustu á sviði köfunar en ásamt því sérhæfir félagið sig nú m.a. í þjónustu tengdum mælingum, sölu á flotbryggjum og tengdri þjónustu og ýmsum sérverkefnum, svo sem tengdum snjóflóðavörnum. Rekstur félagsins falli vel að fjárfestingarstefnu Sjávarsýnar um að eiga, reka og byggja upp arðbært eignasafn sem gefi af sér örugga arðsemi til langs tíma.
5. Að sögn samrunaaðila megi skipta starfsemi Köfunarþjónustunnar ehf. í fjórar megindeildir:
 - a) Köfunardeild: Köfunarþjónustan hefur áralanga reynslu á sviði köfunar og veitir alhliða köfunarþjónustu í sjó, vötnum og uppistöðulónum ásamt því að kafa í tanka, brunna og dæluhús.
 - b) Mælingadeild: Köfunarþjónustan veitir margs konar þjónustu varðandi rannsóknir á botni sjávar og stöðuvatna, svo sem fjölgeislamælingar, setþykktarmælingar, öflun borkjarna úr lausum jarðlögum, botnsýnatöku. Einnig býr Köfunarþjónustan yfir búnaði til ýmiss konar myndatöku á hafsbotni.
 - c) Flotbryggjudeild: Árið 2021 festi Köfunarþjónustan kaup á öllum rekstri KrÓla ehf., sem hafði sérhæft sig í þjónustu með flotbryggjur og öldubrjóta ásamt því að selja ýmsan búnað



tengdan höfnum svo sem fingur til viðlegu við flotbryggjur, tenglastólpa fyrir lýsingu og landtenginu báta, fenderlista til að verja báta og landganga auk alls búnaðar sem þarf til uppsetninga og þjónustu við flotbryggjur. Starfsemi KrÓla ehf. er nú rekin undir kennitölu og vörumerki Köfunarþjónustunnar.

- d) Sérverkefnadeild: Þá tekur Köfunarþjónustan að sér ýmis sérverkefni. Þannig sérhæfir félagið sig m.a. í uppsetningu snjóflóðavarna, þykktarmælingum, málmsuðu ofan- og neðansjávar og uppsetningu hvers konar girðinga.
 - e) Þá starfrækir félagið einnig tækjaleigu og selur fyrsta viðbragðs slökkvibúnað og mengunarvarnarbúnað.
6. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga.¹ Í samrunaskrá er minnst á þá fjölmörgu markaði sem fyrirtæki í samstæðu Sjávarsýnar ehf. starfa á. Starfsemi Köfunarþjónustunnar ehf. falli helst undir markaði fyrir köfunarþjónustu, mælingarþjónustu, sölu á flotbryggjum og tengdri þjónustu, og þjónustu í tengslum við jaðarverkefni eða sérverkefni sem eigi það sammerkt að krefjast mikils skipulags, vera unnin við krefjandi aðstæður og krefjast iðulega sérhæfðs búnaðar og sérþekkingar, að sögn samrunaaðila. Þannig taki félagið m.a. að sér verkefni er snúa að uppsetningu snjóflóðavarna, þykktarmælingar, málmsuðu ofan- sem neðansjávar og uppsetningu hvers konar girðinga samkvæmt umfjöllun í samrunaskrá. Þá starfi Köfunarþjónustan á markaði fyrir leigu á sérhæfðum búnaði til jaðarverkefna sem mögulega megi skipta upp nánar í undirmarkaði eftir tegund tækja (til dæmis leigi félagið út dælur og önnur tæki þegar þau eru ekki í notkun), markaði fyrir sölu á mengunarvarnarbúnaði, og markaði fyrir sölu á fyrsta viðbragðs slökkvibúnað, slökkvikerfi og, froðuefni fyrir slökkvistörf að sögn aðila.
7. Að sögn samrunaaðila skarist starfsemi Sjávarsýnar ehf. og Köfunarþjónustunnar ehf. helst á þremur mörkuðum; markaði fyrir sölu á mengunarvarnarbúnaði, markaði fyrir leigu og sölu á dælum, og markaði fyrir sölu og leigu á loftpressum. Það séu því þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gæti einna helst að mati aðila.
8. Hluti af starfsemi Köfunarþjónustunnar lúti að sölu á mengunarvarnarbúnaði, svo sem ísogsefni, uppsogsmottum og -lengjum, flotgirðingum og skúmstöðum. Kemi bjóði talsvert breiðara úrval mengunarvarnarbúnaðar. Samkvæmt samrunaaðilum séu viðskiptavinahópur félaganna þegar kemur að mengunarvarnarbúnaði aftur á móti ekki hinn sami. Þannig séu viðskiptavinir Kemi verkstæði og almennir notendur en viðskiptavinahópur Köfunarþjónustunnar samanstandi að mestu leyti af opinberum aðilum, svo sem hafnaryfirvöldum, og stórnotendum. Umfang þessarar starfsemi sé verulega takmörkuð í starfsemi Köfunarþjónustunnar og velta afar lág að sögn samrunaaðila.
9. Fálkinn Ísmar, Iðnvélar og Kemi í samstæðu Sjávarsýnar selji dælur. Köfunarþjónustan bjóði viðskiptavinum sínum á hinn bóginn upp á að leigja dælur sem félagið notar í starfsemi sinni þegar þær eru ekki í notkun hjá félaginu. Hér sé velta Köfunarþjónustunnar einnig afar lág enda um hliðarstarfsemi að ræða og félagið fjárfesti ekki sérstaklega í dælum til útleigu heldur eingöngu séu þeir eingöngu leigðar þegar þær séu ekki í notkun. Í öllu falli telja samrunaaðilar að vegna lágrar markaðshlutdeildar fyrirtækja undir yfirráðum Sjávarsýnar í sölu á dælum og

¹ Samkvæmt 4. gr. skl. er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.



afar takmarkaðs umfangs leigustarfsemi Köfunarþjónustunnar, að ekki séu líkur á því að samruninn geti haft neikvæð áhrif á markaðina fyrir sölu og leigu á dælum.

10. Loks selji Fálkinn Ísmar í samstæðu Sjávarsýnar ehf. loftpressur en Köfunarþjónustan ehf. leigi einstaka sinnum út þær loftpressur sem félagið noti í starfsemi sinni til afar þröngs hóps. Þær loftpressur séu stórar á hjólum og notaðar í tengslum við sérstök verkefni tengd vökvunarkerfum. Loftpressur sem félög Sjávarsýnar selji séu notaðar í allt öðrum tilgangi og auk þess seldar af fjölmörgum öðrum fyrirtækjum hérlandis í samkeppni við samrunaaðila.
11. Um áhrif samrunans benda samrunaaðilar á að þeir starfi nær alfarið á ótengdum mörkuðum og það sé raunar mat samrunaaðila að í reynd sé ekki að finna lárétta skörun í starfsemi þeirra, þrátt fyrir að bæði Köfunarþjónustan og Kemi í samstæðu Sjávarsýnar ehf. selji bæði mengunarvarnarbúnað. Á öðrum sviðum þar sem einhver skörun sé standi Köfunarþjónustan ehf. í takmarkaðri útleigu búnaðar sem það noti annars í eigin verkefnum. Í öllu falli séu markaðshlutdeildir á mögulegum áhrifamörkuðum lágar og keppinautar fjölmargir. Samruninn sé því hvorki til þess fallinn að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu á þeim mörkuðum sem um ræðir, né raska samkeppni á annan hátt með umtalsverðum hætti að mati samrunaaðila.
12. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna fyrri rannsókna auk þess sem aflað var sjónarmiða hjá hagaðilum. Umsagnaraðilar höfðu engar athugasemdir við samrunann. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við markaðsskilgreiningar samrunaaðila þó ekki þurfi að taka formlega afstöðu til markaða enda hefur ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins.
13. Samkeppniseftirlitið telur að hér sé aðallega um að ræða svokallaðan samsteypusamruna með takmörkuðum láréttum áhrifum vegna skörunar á mögulegum mörkuðum fyrir mengunarvarnarbúnað, dælur og loftpressur. Í fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum eru ekki vísbendingar um að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist vegna samrunans, eða hann raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins ekki sé ástæða til þess að íhlutast vegna samrunans eða rannsaka hann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Sjávarsýnar ehf. á meirihluta hlutafjár Köfunarþjónustunnar ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson